

Akranesi 3.mars 2022

Bæjarráð Akraness

Í sumar verður norrænt vinabæjarmót haldið í Västervik í Svíþjóð. Mótið verður haldið 8.-12.júní. Þangað sækja fulltrúar Akraness og vinabæjanna Bamble í Noregi og Närpes í Finnlandi. Af ýmsum ástæðum, m.a. sameiningar bæjarfélaga í Tönder og nágrenni, er norræna félagið í Tönder ekki lengur með í keðjunni en umræður eru í gangi við annað bæjarfélag og verða fulltrúar þess væntanlega með á mótinu.

Vinabæjamót eru haldin á þriggja ára fresti og skiptast bæirnir á um að halda mótin. Tilgangur mótanna er að efla samstarf og kynni milli bæjanna. Mótið sem haldið er núna átti upphaflega að halda 2020.

25 fulltrúum frá hverju bæjarfélagi er boðið að taka þátt í mótinu. Sérstaklega er óskað eftir að fulltrúar sveitastjórna sjái sér fært að koma. Í dagskrá mótsins er gert ráð fyrir fundi fulltrúa sveitastjórna og stjórna norrænu félaganna. Þema mótsins kemur fram í meðfylgjandi boðsbréfi.

Varðandi kostnað er gert ráð fyrir að þátttakendur sjái sjálfir um ferðakostnað en boðið verður upp á gistingu og fæði í heimahúsum. Einnig hefur fólk val um að búa á hótelum/gistiheimilum á eigin kostnað.

Hefð fyrir því að færa sveitarstjórn gestgjafanna, Norræna félaginu og gestgjafa gjafir sem þakklætisvott fyrir móttökuna.

Það er ósk okkar í Norræna félaginu á Akranesi að fulltrúar Akraneskaupstaðar sjái sér fært að sækja mótið og taka þátt í að efla samstarf milli vinabæjanna.

Ekki er búið að gefa út dagskrá mótsins en boðsbréfið fylgir með sem viðhengi. Í boðsbréfinu kemur fram að umsóknarfrestur sé 1. mars en hann hefur verið framlengdur til 27.mars.

Ef óskað er nánari upplýsinga um vinabæjamótið, hafið þá samband við undirritaða.

Með von um góðar undirtektir.

Kærar kveðjur

f.h. Norræna félagsins á Akranesi

Hjördís Hjartaróttir, haholt3@simnet.is